

Fundargerð

Aðalfundur Búseta hsf

haldinn klukkan 17:00 á Grand Hótel í Reykjavík 25. maí 2023

Samkvæmt fundargerðarbók voru 30 mættir á fundinn.

Dagskrá:

- Skýrsla stjórnar.
- Framlagninga ársreiknings til samþykktar og umræðu.
- Ákvörðun um fjárhæð inntökugjalds og árlegs félagsgjalds.
- Ákvörðun um stjórnarlaun.
- Ákvörðun um framlag til varasjóðs.
- Tillögur að breytingum á samþykktum félagsins.
- Kosning formanns.
- Kosning tveggja meðstjórnenda til tveggja ára.
- Kosning eins varamanns til tveggja ára.
- Kosning löggilts endurskoðanda til eins árs.
- Önnur mál
 - Samantekt um úttekt á UFS þáttum í starfsemi Búseta. Finnur Orri Margeirsson frá Reitun.
 - Kynning á nýframkvæmd við Hallgerðargötu 20 Hlynur Örn Björgvinsson verkefnastjóri hjá Búseta.
 - Stórafmæli Búseta á árinu. Páll Gunnlaugsson formaður afmælisnefndar.
 - Fyrirspurnir úr sal.

Fundargerð:

Jón Ögmundsson stjórnarformaður Búseta setti fundinn. Lýsti hann löglegan og lagði til að Hildur Mósesdóttir stýri fundi og Finnur Sigurðsson ritaði fundargerð. Hildur Mósesdóttir tók við fundarstjórn.

- Jón Ögmundsson formaður flutti skýrslu stjórnar.
- Bjarni Þór Þórólfsson framkvæmdarstjóri Búseta lagði fram ársreikning. Hólmgrímur Bjarnson endurskoðandi flutti einnig stutt innlegg um uppgjörið. Fyrirspurn, Kristófer um skrifstofu- og stjórnunarkostnað og verðlagsþróun hjá Leigufélagi Búseta. Framkvæmdastjóri útskýrði að skrifstofu- og stjórnarkostnaður hefði aðeins hækkað um 5% milli ára þrátt fyrir að verðbólga væri 9,6%. Hann útskýrði einnig að Leigufélag Búseta byði upp á mjög sanngjarnt leiguverð og að Búseti væri ekki hagnaðardrifið. Það væri erfitt að lækka eða taka ekki tillit til verðbólguþróunar í leiguverði þar sem kostnaður við rekstur íbúðarhúsnæðis færi hækkandi. Ársreikningar samþykktir. Engar umræður um skýrslu stjórnar.

3. Ákvörðun um fjárhæð inntökugjalds og árlegs félagsgjalds. Samþykkt tillaga stjórnar um óbreytt inntökugjald og félagsgjald 5.500kr.
4. Ákvörðun um stjórnarlaun. Jón Ögmundsson kynnir tillögu um breytt stjórnarlaun. Tillaga um 7% hækkun til að fylgja verðlagsþróun. Fundarstjóri opnaði fyrir fyrirspurnir og umræðu. Stutt umræða, tillagan samþykkt.
5. Ákvörðun um framlag til varasjóðs. Tillaga um óbreytt framlag. Fyrirspurn um tilgang sjóðsins, sjóðurinn er lögbundinn og tilgangurinn að eiga borð fyrir báru ef upp koma vandamál. Tillagan samþykkt.
6. Tillögur að breytingum á samþykktum félagsins. - Tillagan um frestun og aukaaðalfundur verði boðaður síðar. Samþykkt.
7. Kosning formanns. Jón Ögmundsson er sjálfkjörinn með lófaklappi.
8. Kosning tveggja meðstjórnenda til tveggja ára. Helga Egla Björnsdóttir og Erna Borgný Einarsdóttir eru í framboði til endurkjörs. Sjálfkjörnar með lófataki.
9. Kosning eins varamanns til tveggja ára. Gunnlaugur Magnússon er í framboði til endurkjörs. Sjálfkjörinn með lófataki.
10. Kosning löggilts endurskoðanda til eins árs. Hólmgrímur Bjarnason endurkjörinn með lófataki.
11. Önnur mál.
 - a. Samantekt um úttekt á UFS þáttum í starfsemi Búseta. Finnur Orri Margeirsson frá Reitun kynnir hlutverk og vinnu Reitunar fyrir Búseta.
 - b. Kynning á nýframkvæmd við Hallgerðargötu 20. Hlynur Örn Björgvinsson verkefnastjóri hjá Búseta.
 - c. Stórafmæli Búseta á árinu. Páll Gunnlaugsson formaður afmælisnefndar kynnir áform félagsins vegna 40 ára afmælis. Stutt yfirferð yfir sögu félagsins auk umfjöllunar um útgáfu bókar um félagið og sögu félagsins í 40 ár. Mjög flottar glærur.
 - d. Fyrirspurnir úr sal. Fyrirspurn frá búseturéttarhafa í Krókamýri sem hefur búið þar í þrjú ár. Spurt var um sundurliðun á greiðsluseðli, viðhaldstengd mál ásamt innri og ytri viðhaldssjóði. Íbúinn lýsti yfir óánægju með timburverk sem þarfnáðist endurnýjunar hefði verið málað (en ekki endurnýjað). Framkvæmdastjóri upplýsti eins og hægt var byggt á fyrirliggjandi upplýsingum. Hann bauð viðkomandi til fundar á skrifstofu félagsins til að ræða nánar um þessi atriði.
 - e. Smá ábending frá Ísleifi Keilugranda, mætti skoða betri tímasetningu fundar. Vegna umferðarálags. Mætti halda fundinn kl. 19:00, það er tími sem hentar betur að hans mati. Tímasetning skýrð af formanni, fundir skuli haldnir á virkum degi og reynt að sýna sveigjanleika samanber að fundurinn nú hófst ekki fyrr en kl. 17:10.

Fundargerðina ritaði Finnur Sigurðsson stjórnarmaður

